

1864.
18. ágúst.

75. Opið bréf, um að Bæjar hreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi skuli vera þinghá útaf fyrir sig með þingstað að jörðunni Bæ¹.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Bæjar hreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi skal hér eptir vera þinghá útaf fyrir sig með þingstað að jörðunni Bæ. Hreppsþúar skulu skyldir til, eptir því sem sýslumaðurinn gjör segir fyrir, að byggja á tæðum stað nýtt þinghús, er sè rúmgott og í öllu tilliti óaðfínanlegt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 18. dag ágústmánaðar 1864.

18. ágúst.

76. Opið bréf, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppskilafing á Íslandi á vorin².

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Hreppskilafing á vorin, sem fyrirskipuð eru á Íslandi í opnu bréfi 21. dag aprílmánaðar 1847, skulu hèreptir haldin á tímabilinu frá 6. til 24. júnímánaðar; þó skal óbreytt standa það, sem úkveðið er í greindu lagaboði um hreppskilafing í Skaptafellssýslunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 18. dag ágústmánaðar 1864.

¹) Lagaboð þetta var út gefið samkvæmt bænarskrá frá alþingi árið 1863; sjá alþ. tíð. fyrir það ár I. 213.—215. bls.

²) Lagaboð þetta var út gefið samkvæmt bænarskrá frá alþingi árið 1863; sjá alþ. tíð. fyrir það ár I. 172—174.